

440 4000

@islandsbanki

islandsbanki.is



Íslandsbanki

Íslensk ferðapjónusta

Maí 2019

Öllum áskorunum fylgja tækifæri

Allt útlit er fyrir að á þessu ári muni í fyrsta sinn frá árinu 2011 draga úr fjölda ferðamanna til Íslands og þar með ljúki einu mesta vaxtarskeiði íslenskrar ferðapjónustu frá upphafi. Viðbúið var að hægja myndi á fjölgun ferðamanna hingað til lands enda mikill vöxtur undanfarinna ára ósjálfbær til lengri tíma lítið með tilliti til innviðauppyggingar og krafna um hátt þjónustustig.

Vissulega hefur hægt hraðar á fjölgun ferðamanna en flestir höfðu áætlað enda hefur dregið úr flugframboði til landsins og færri ferðamenn hafa lagt leið sína til Íslands það sem af er þessu ári í samanburði við síðasta ár.

Almennt hefur rekstur fyrirtækja innan greinarinnar notið góðs af þeim mikla vexti í fjölda gesta sem sækja landið heim. Síðastliðin ár hafa þó reynst mörgum aðilum í greininni áskorun sér í lagi hvað varðar launahækkanir og gengisstyrkingu krónunnar. Í þessu samhengi virðist þó greina nokkuð á milli þeirra aðila sem starfa á suðvesturhorni landsins, þar sem reksturinn virðist standa betur, og þeirra aðila sem starfa annars staðar á landinu. Sú fækkun ferðamanna sem nú blasir við mun leiða til frekari áskorana. Þrátt fyrir að ákveðnum óvissupáttum hafi verið eytt á undanförunum vikum með nýjum kjarasamningum og brotthvarfs eins af stærrri flugfélögum landsins þá er enn óvissa um hver áhrif þessara þátta verða til skemmri tíma en öllum áskorunum fylgja tækifæri.

Töluverður vöxtur hefur verið í fjölgun ferðamanna á heimsvísu á undanförunum árum og hefur Ísland ekki farið

varhluta af þeim vexti. Sé rétt spilað úr þeim tækifærum sem atvinnugreinin stendur frammi fyrir ætti rekstrarumhverfi fyrirtækjanna að vera hagfelld til lengri tíma lítið.

Það verður áhugavert að fylgjast með ferðapjónustunni á næstu misserum og því hvernig greinin tekst á við þær breytingar sem eru að eiga sér stað um þessar mundir. Íslandsbanki er stoltur samstarfsaðili fjölmargra ferðapjónustufyrirtækja og er atvinnugreinin bankanum afar mikilvæg. Það er okkar von að skýrslan gefi góða innsýn í stöðu ferðapjónustunnar á Íslandi.



Kristín Hrönn Guðmundsdóttir
Forstöðumaður Verslunar og þjónustu

Brot af því besta

Ertu á hlaupum? Hér nálgast þú allra helstu atriði skýrslunnar samandregin til að spara þér spörin

- Framboð flugsæta um KEF dregst saman um 28% í ljósi gjaldþrots WOW air. Icelandair eykur þó framboð sitt um 14% og önnur erlend flugfélög um 5%.
- Við áætlum samdrátt í útflutningstekjum ferðapjónustunnar í ár og að u.þ.b. 36% af heildarútflutningstekjum ársins komi frá greininni
- Hver ferðamaður skilar rúmlega fjórðungi færri krónum til þjóðarþúsins en á árinu 2009 að mestu vegna styrkingar krónunnar á tímabilinu.
- Hver ferðamaður ver stærstum hluta heildarneyslu sinnar í gistiþjónustu (23%), ferðaskrifstofur (19%) og flugfargjöld (17%).
- Við áætlum að viðskiptaafgangur verði líttill sem enginn í ár, aðallega vegna fækkunar ferðamanna.
- Ísland var dýrasti áfangastaður Evrópu 2017. Ferðamaðurinn greiddi þá næstum tvöfalt hærra verð (84%) hér en að meðaltali innan ESB.
- Áfengir drykkir eru þrefalt dýrari (183%) hér en innan ESB og veitingastaðir og hótél næstum tvöfalt dýrari (86%).
- Allir ferðamenn, óháð þjóðerni, upplifðu verðlagið um 2% verra á síðastliðnu ári en á árinu 2016 að jafnaði. Sterkari króna virðist ekki endurspeglast að fullu í verri upplifun ferðamanna af verðlagi hér á landi.
- Bandaríkjamenn eru ánægðastir með verðlagið og Írar, Frakkar og Bretar óánægðastir.
- Hinn hefðbundni skráði markaður stóð undir allri fjölgun seldra gistinotta á síðastliðnu ári meðan hinn óskráði markaður, sem að mestu má rekja til Airbnb, seldi um 6% færri gistinætur.
- Í byrjun apríl á þessu ári höfðu 1.169 aðilar, eða tæplega fimmfalt fleiri, fengið skráð leyfi fyrir heimagistingu en á sama tíma árið 2017 þegar leyfin voru 250.
- Verð hótela í Reykjavík hækkaði um 60% frá árinu 2011 á meðan það stóð í stað hjá hótélum innan Evrópu að meðaltali.

Brot af því besta

Ertu á hlaupum? Hér nálgast þú allra helstu atriði skýrslunnar samandregin til að spara þér spörin

- Eftirspurn eftir gistingu hefur best verið mætt á Suðurnesjum og hafa hótél á landsbyggðinni haft meira svigrúm til aukinnar nýtingar en hótél á höfuðborgarsvæðinu sem hafa þurft að mæta aukinni eftirspurn með tímafrekum framkvæmdum.
- Asiskir og breskir ferðamenn sækja í dýrari gistingu á meðan ferðamenn frá öðrum svæðum nýta sér í ríkari mæli ódýrari eða gjaldfrjálsa gistingu.
- Við áætlum að hótélherbergjum á höfuðborgarsvæðinu muni fjölga um 8% á árinu þrátt fyrir að útlit sé fyrir fækkun ferðamanna. Reiknum við því með að nýting hótela á höfuðborgarsvæðinu muni áfram lækka á þessu ári.
- Áætluð fjárfesting hótela á höfuðborgarsvæðinu nemur rúmum 61 ma.kr. út árið 2021 eða um 20 mö.kr. að meðaltali ár hvert.
- Hlutfallslega fleiri fyrirtæki í ferðapjónustu vilja fækka starfsfólki (31%) en fjölga (3%) á næstu 6 mánuðum sem er merki um frekari hjöðnun á vinnumarkaði í ferðapjónustu á næstu misserum.
- Á árinu 2017 námu rekstrartekjur ferðapjónustunnar 425 mö.kr. og jukust þær um 10% frá fyrra ári.
- Hótelgisting í Reykjavík er ein sú dýrasta í heimi um þessar mundir og má áætla að lítið sem ekkert svigrúm sé fyrir frekari verðhækkningar.
- Rekstrargjöld hækkðu hlutfallslega meira en tekjur (18%) og minnkar því EBITDA-framlegð greinarinnar úr 17% í 11,6% á milli áranna.
- EBITDA greinarinnar lækkaði um 16 ma.kr. í 49 ma.kr. á árinu 2017 eða um 25%.
- Hagnaður greinarinnar dróst saman úr rúmum 27 mö.kr. í tæplega 11 ma.kr. eða um 61% á árinu 2017 frá fyrra ári.
- Hagnaðarhlutfall (hagnaður/rekstrartekjur) lækkaði úr 7% í 3% á árinu 2017 frá fyrra ári sem skerðir hæfni greinarinnar til að ráðast í fjárfestingar, greiða niður skuldir og greiða arð til eigenda.

Brot af því besta

Ertu á hlaupum? Hér nálgast þú allra helstu atriði skýrslunnar samandregin til að spara þér sporin

- Arðsemi eigna greinarinnar lækkaði í 2,7% á árinu 2017 eða um 4,6 prósentustig frá fyrra ári. Er það mesta lækkun mælikvarðans á milli ára frá árinu 2011.
- Rekstrartekjur 13 stærstu fyrirtækja ferðapjónustunnar námu um 245 mö.kr eða sem nemur 58% af heildartekjum greinarinnar á árinu 2017.
- Tekjur tveggja stærstu flugfélaganna, Icelandair og WOW air, námu 160 mö.kr. sem nemur rúmum þriðjungi af heildartekjum greinarinnar.
- Litil fyrirtæki, með tekjur undir 500 m.kr., mynda saman um 93% af heildarfjölda fyrirtækja í greininni en þau skila einungis um 19% af heildartekjum greinarinnar á árinu 2017.
- Tæplega helmingur fyrirtækja greinarinnar skilar tapi og er hlutfall fyrirtækja sem skila tapi hæst á Vesturlandi og á Vestfjörðum.
- Hlutfall fyrirtækja sem skilar tapi hækkaði meira á landsbyggðinni á árinu 2017 (9 prósentustig) en á höfuðborgarsvæðinu þar sem það hélt nokkurn veginn velli. Hafa því sviptingar í rekstrarumhverfi greinarinnar haft meiri áhrif á landsbyggðinni.
- Frá árinu 2011 hefur hlutfall stórra og meðalstórra fyrirtækja sem skilað hafa hagnaði verið um og yfir 80% að meðaltali en 54% hjá litlum fyrirtækjum. Taprekstur er því mun algengari hjá litlum aðilum og virðist þar vera talsvert svigrúm til hagræðingar og/eða sameiningar fyrirtækja.
- Allir framlegðarmælikvarðar sýna betri niðurstöðu hjá stærri fyrirtækjum greinarinnar en hjá þeim litlu og er hagnaðarhlutfall stærri fyrirtækja t.d. á bilinu 2,7–4,5 sinnum hærra en lítilla fyrirtækja.

Efnisyfirlit

— Fjöldi og þjóðernaskipting ferðamanna	10
Breytt landslag í flugframboði til landsins	12
Farþegar WOW air skildu eftir sig minni verðmæti	13
Samsetning ferðamanna gerólík því sem áður var	16
Breytt samsetning stuðlar að styttri dvalartíma	17
— Verðmætasköpun	18
Við áætlum samdrátt í útflutningstekjum ferðapjónustunnar í ár	20
Kærkomin veiking krónunnar á síðasta ári	22
Kínverjar eyða mest miðað við dvalarlengd	24
Sígandi lukka í verðmætaaukningu greinarinnar	25
— Gengi og verðlag	26
Útlit fyrir allhátt raungengi út áratuginn	29
Skiptir ferðapjónustan sköpum fyrir krónuna?	30
Gengisáhrifin lita upplifun ferðamanna	34
Bandaríkjamenn ánægðastir með verðlagið	35
Ísland dýrasti áfangastaður Evrópu 2017	36

Efnisyfirlit

— Gistþjónusta og bílaleigur	39
Airbnb tekur U-beygju	41
Asiskir og breskir ferðamenn sækja í dýrari gistingu	44
Eftirspurn eftir gistingu best mætt á Suðurnesjum	45
Áfram talsverð fjölgun hótélherbergja	49
Lakari nýting bílaleiguflotans framundan?	50
— Vinumarkaður	51
Flest sköpuð störf innan ferðþjónustunnar	53
Framleiðni vinnuafls í ferðþjónustu eykst	55
Merki um hjöðnun á vinnumarkaði næstu misseri	57
Minnkandi eftirspurn eftir erlendu vinnuafli	58
— Rekstur íslenskra ferðþjónustufélaga	59
Hagnaður ferðþjónustunnar rúmlega helmingast á milli ára	61
Tæplega helmingur fyrirtækja skilar tapi	66
Greinin stendur verr undir skuldsetningu sinni	72
Rekstur stærri fyrirtækja stendur betur undir skuldsetningu	74
Framlegð hæst á Suðurnesjum og Suðurlandi	77



**Fjöldi og
þjóðernaskipting**



Útlit er fyrir fækkun ferðamanna á líðandi ári og er samsetning ferðamanna orðin gerólík því sem áður var. Hefur þessi þróun stuðlað að skemmri dvalartíma og mun nú valda aukinni árstíðasveiflu.

Breytt landslag greinarinnar kallar á breyttar áherslur í markaðssetningu og stefnumótun.

Breytt landslag í flugframboði til landsins

Heildarflugframboð dregst saman um rúman fjórðung í kjölfar gjaldþrots WOW air

Flugframboð um Keflavíkurflugvöll (KEF) er líklega veigamesti áhrifaþáttur íslenskrar ferðapjónustu enda ferðast rúmlega 90% allra ferðamanna til landsins í gegnum KEF.


Samkvæmt samaráætlun Isavia, sem sýnir framboð flugsæta um KEF á tímabilinu apríl til október, dregst það saman um 28% á þessu ári frá sama tímabili á síðasta ári í ljósi gjaldþrots WOW air. Munar þar mest um gjaldþrot WOW air. Ícelandair eykur á sama tímabili framboð sitt um 14% og önnur erlend

flugfélög um 5%.

Fyrir vikið fer hlutdeild Ícelandair í heildarframboði um KEF úr 46% á síðastliðnu ári í 72% á þessu ári. Ícelandair hefur ekki verið með hærri hlutdeild frá árinu 2013 og má gróflega áætla að tæplega ¾ hluti gjaldeyristekna ferðapjónustunnar sé að talsverðu leyti undir starfsemi fyrirtækisins komið og þar með rúmur fjórðungur af gjaldeyristekjum þjóðarbúsins.

Sætaframboð til og frá Keflavíkurflugvelli

í milljónum sæta



Flestir WOW air farþegar frá N-Ameríku


...og skildu þeir eftir sig minni verðmæti hér á landi en farþegar annarra flugfélaga

WOW air flutti hlutfallslega fleiri ferðamenn frá N-Ameríku og Mið- og Suður Evrópu hingað til lands en önnur flugfélög og mun gjaldþrot félagsins því að öðru óbreyttu hafa mestu áhrifin á fjölda ferðamanna hingað til lands frá þessum markaðssvæðum.

Frekari tölfræði um þá ferðamenn sem komu hingað með WOW air bendir til þess að meðalútgjöld þeirra hafi verið 9% lægri en meðalútgjöld ferðamanna hér á landi almennt.


Einnig bendir tölfræðin til þess að hlutfallslega færri þeirra hafi verið með tekjur yfir meðallagi og að þeir hafi dvalið hér á landi um 5% skemur en ferðamenn almennt. Þá kemur einnig í ljós að hlutfallslega færri farþegar WOW air nýttu sér hótलगistingu og hlutfallslega fleiri þeirra nýttu sér aðra ódýrari valkosti sem fela í sér minni þjónustu á borð við Airbnb, Hostel o.þ.h. Þessi tölfræði bendir til þess að farþegar WOW air hafi skilið eftir sig minni verðmæti hér á landi en farþegar annarra flugfélaga.

Hvaðan komu farþegar WOW air?



Bakgrunnsupplýsingar og ferðatilhögun farþega WOW air

Í samanburði við alla farþega árið 2018




Ferðamenn frá BNA drífa áfram fjölgun síðasta árs

Fækkun Breta og Þjóðverja vegur þyngst til fækkunar

Á síðastliðnu ári var fjölgun ferðamanna að langstærstum hluta borin uppi af bandarískum ferðamönnum. Þeim fjölgaði um 118 þúsund en samtals komu um 121 þúsund fleiri ferðamenn frá öllum þjóðum á árinu 2018 en á árinu 2017. Ferðamenn annarra ótilgreindra þjóða spiluðu einnig mikilvæga rollu á síðasta ári en ekki er unnt að segja nákvæmlega til um það hvaðan þeir ferðamenn koma. Ný og ítarlegri sundurliðun á þjóðernaskiptingu ferðamanna bendir þó til að þarna sé að mestu um að ræða asiskar þjóðir. Ítarlegri sundurliðun var birt í fyrsta sinn um mitt ár 2017 og því verður ekki unnt að bera gögnin saman á ársgrundvelli fyrr en um mitt ár 2019 þegar tvö ár eru liðin frá birtingu sundurliðaðra gagna.

Bretar og Þjóðverjar vega svo þyngst til fækkunar. Þrátt fyrir að Bretar dvelji alla jafna skemur hér á landi en ferðamenn annarra þjóða ferðast þeir hingað í meiri mæli utan háannatíma og spila þannig mikilvægt hlutverk við að draga úr árstíðasveiflu greinarinnar og jafna rekstrargrundvöll hennar. Þjóðverjar og aðrar þjóðir í mið- og suður Evrópu dvelja alla jafna lengur hér á landi en ferðamenn annarra þjóða og eru því mikilvægir fyrir ferðapjónustu á landsbyggðinni. Í áðurgreindu samhengi getur þessi þróun því haft neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir greinina.

Fjölgun/fækkun (og %-breyting) ferðamanna eftir þjóðernum árið 2018



Meiri fábreytni ferðamanna fylgir aukin áhætta

Bakslag í komum Bandaríkjamanna gæti haft veigamikil áhrif á greinina og hagkerfið í heild


Mikilvægi bandarískra ferðamanna fyrir íslenska ferðapjónustu hefur aukist umtalsvert á síðastliðnum árum og koma nú 30% allra ferðamanna sem hingað ferðast þaðan. Þessi þróun hefur gert greinina viðkvæmari fyrir breyttri ferðatilhögun bandarískra ferðamanna. Í ljósi mikilvægi ferðapjónustunnar í íslensku hagkerfi má segja að ferðatilhögun bandarískra ferðamanna geti haft umtalsverð áhrif á skammtímaþróun í hérlendu hagkerfi. Á árinu 2010 voru ferðamenn frá fimm fjölmennustu þjóðunum 52% af heildarfjölda ferðamanna sem ferðuðust til Íslands og var nokkuð jöfn skipting þeirra á milli. Nú koma um þriðjungur allra ferðamanna frá Bandaríkjunum og koma rúmlega sjö

sinnum fleiri þaðan en frá Frakklandi sem er fimmta fjölmennasta þjóðin sem hingað ferðast. Fábreytni ferðamanna eftir þjóðerni hefur því aukist umtalsvert.

Í þessu samhengi er æskilegt að ferðapjónustan byggi á fjölbreyttum grunni þannig að áfall í efnahag ákveðinnar þjóðar hafi ekki of veigamikil áhrif á íslenska ferðapjónustu og íslenska hagkerfið í heild.

Hlutfall ferðamanna af heildarfjölda ferðamanna eftir þjóðernum

Árið 2010 borið saman við árið 2018



Samsetning ferðamanna gerólík því sem áður var

Kallar á breyttar áherslur í markaðssetningu og stefnumótun innan greinarinnar


Rúmlega þriðjungur ferðamanna sem hingað ferðast koma frá Norður-Ameríku og er það langstærsta markaðssvæði íslenskrar ferðapjónustu um þessar mundir. Jafnframt hefur það svæði vaxið mest frá árinu 2010 sem hlutfall af heildarfjölda ferðamanna eða um 20 prósentustig.

Næstflestar ferðamenn koma frá Mið- og Suður-Evrópu eða tveir af hverjum tíu ferðamönnum. Markaðssvæði Mið- og Suður-Evrópu hefur dregist næstmest saman á eftir Norðurlöndunum eða um níu prósentustig.

Ný og ítarlegri sundurliðun á þjóðernaskiptingu ferðamanna sýnir vaxandi mikilvægi Asíu sem markaðssvæði íslenskrar ferðapjónustu. Svæðið er orðið fjórða mikilvægasta markaðssvæði greinarinnar og um einn af hverjum tíu

ferðamönnum á Íslandi koma þaðan. Líklega er hlutfallið vanmetið þar sem að fjölmennar asískar þjóðir eru ennþá ótilgreindar og falla því ferðamenn þeirra þjóða undir flokkinn „Annað“. Þessari þróun hljóta að fylgja breyttar áherslur í markaðssetningu og stefnumótun innan greinarinnar.

Fjöldi ferðamanna sem hlutfall af heild eftir helstu markaðssvæðum árin 2010 og 2018



Breytt samsetning stuðlar að styttri dvalartíma

Ferðamenn sem dvelja skemur eru nú hærra hlutfall ferðamanna en áður

Ferðamenn frá Norður-Ameríku dvelja 17% skemur en ferðamenn almennt. Einungis ferðamenn frá Bretlandseyjum, sem koma hingað í ríkari mæli utan háannatíma þegar dvalartími er almennt styttri, dvelja skemur.


Ferðamenn frá Mið- og Suður-Evrópu dvelja um þriðjunglengur en ferðamenn almennt. Einungis aðilar frá Austur-Evrópu, sem koma hingað í hlutfallslega fleiri tilfellum vegna

atvinnu, dvelja lengur.

Vaxandi hlutfall ferðamanna frá Norður-Ameríku hefur þannig stuðlað að styttingu dvalartíma ferðamanna að einhverju leyti. Kemur það verst niður á ferðapjónustu sem staðsett er utan suðvesturhorns landsins enda styttri tími fyrir lengri ferðalög.



Meðaldvalarlengd eftir markaðssvæði árið 2018


Fjöldi ferðamanna sem hlutfall af heildarfjölda hefur dregist saman hjá markaðssvæði Mið- og Suður-Evrópu en aukist hjá markaðssvæði Norður-Ameríku





Verðmætasköpun





Verðmætaaukning ferðaþjónustunnar hefur verið drifin áfram af fjölgun ferðmanna. Nú þegar útlit er fyrir fækkun þeirra blasir við verðug áskorun við að auka verðmæti á hvern ferðamann til að viðhalda verðmætaaukningu greinarinnar.

Talsverður samdráttur í tekjum ferðapjónustunnar


Gjaldeyristekjur af ferðapjónustu gætu orðið svipaðar og árin 2016–2017

Ferðapjónustan ber orðið höfuð og herðar yfir aðrar útflutningsgreinar hvað varðar öflun gjaldeyristekna. Frá árinu 2016 hafa tekjur þessarar greinar verið meiri en samanlagðar útflutningstekjur gömlu risanna í útflutningi, sjávarútvegs og áliðnaðar.

Á aðra kvarða er ferðapjónustan einnig veigamikil í efnahagsstarfsemi á Íslandi. Þannig metur Hagstofan hlutfall ferðapjónustu af vergri landsframleiðslu (VLF) 8,6% árið

2017. Á sama tíma var hlutur sjávarútvegs 6,3% og framleiðsla málma skilaði 1,6% af VLF.

Útflutningstekjur eftir atvinnugreinum (ma.kr.)



Samdráttur gjaldeyrstekna í fyrsta sinn síðan 2006


Ferðapjónustan skilar svipuðum gjaldeyrstekjum og sjávarútvegur og áliðnaður til samans

Á síðasta ári námu tekjur ferðapjónustunnar 520 m.ö.kr. og skilaði greinin 39% af heildargjaldeyrstekjum það ár samanborið við 18% framlag sjávarútvegs og 17% framlag áliðnaðar.

Í ár eru hins vegar horfur á samdrætti í tekjum ferðapjónustunnar. Horfur eru á að ferðamönnum fækki talsvert frá fyrra ári og árið í ár lendi á milli árunna 2016 og 2017 hvað tekjur varðar. Lægra gengi krónu og verðhækkun á

vörum og þjónustu í krónum talið vegur þó á móti. Hver ferðamaður skilar því að mati okkar meiri tekjum í krónum talið þetta árið en í fyrra. Við áætlum að u.þ.b. 36% af heildarútlutningstekjum ársins komi frá ferðapjónustu. Til samanburðar munu sjávarútvegur og áliðnaður væntanlega samanlagt skila í kring um 37% af heildartekjum þjóðarþúsins af útlutningi í ár.

Útlutningstekjur eftir atvinnugreinum (ma.kr. og hlutfall af heildartekjum)



Kærkomin veiking krónunnar á síðasta ári

Hver ferðamaður skilar rúmlega fjórðungi færri krónum til þjóðarbúsins en á árinu 2009

Gengi íslensku krónunnar var um 4% veikara að meðaltali á árinu 2018 en 2017. Engu að síður var krónan að jafnaði um 30% sterkari árið 2018 en hún var fyrir uppgang ferðapjónustunnar árið 2009. Þar sem neysla ferðamanna í erlendri mynt hefur ekki dregist saman yfir tímabilið má gróflega áætla að sterkari króna hafi leitt til þess að hver ferðamaður skili um þessar mundir rúmlega fjórðungi færri krónum til þjóðarbúsins en á árinu 2009 á föstu verðlagi.


Á sama tímabili hefur greinin glímt við umtalsverðar

kostnaðarhækkanir í íslenskum krónum og vegur launaliðurinn þar þyngst. Þessi þróun hefur valdið þrýstingi á arðsemi greinarinnar sem hefur lækkað fyrir vikið líkt og greint er frá í hluta þessarar skýrslu um rekstrarniðurstöður fyrirtækja í greininni.

Veiking krónunnar á síðastliðnu ári hefur því reynst greininni kærkomin og er til þess fallin að létta á þrýstingi á arðsemi greinarinnar að einhverju leyti.


Neysla á hvern ferðamann í ISK og gengisvísitala

Neysla í þús.kr. á verðlagi ársins 2018



Neysla á hvern ferðamann í ISK & í erlendri mynt og GVT

%-breyting frá fyrra ári



Í hvað eyða ferðamennirnir?

Hver ferðamaður ver nú um fjórðungi fleiri krónum í ferðaskrifstofur en fyrir tæpum áratug


Hver ferðamaður ver stærstum hluta neyslu sinnar í gistiþjónustu (39 þús.kr. eða 23% af heildarneyslu), ferðaskrifstofur (33 þús.kr. eða 19% af heildarneyslu) og flugfargjöld (30 þús.kr. eða 17% af heildarneyslu).

Sú þróun að hver ferðamaður skili nú færri krónum en áður leynir sér ekki þegar neysla ferðamanna eftir útgjaldalið er skoðuð. Sú þróun á sér einnig stað hjá öllum útgjaldaliðum að tveimur undanskildum: Ferðaskrifstofum og menningarstarfsemi. Ferðaskrifstofur fengu um fjórðungi

fleiri krónur á hvern ferðamann sem hingað kom á árinu 2017 m.v. árið 2009. Þannig hefur hlutdeild ferðaskrifstofa í heildarneyslu erlendra ferðamanna rúmlega tvöfaldast á áðurgreindu tímabili. Þetta bendir til þess að fleiri ferðapjónustuaðilar komi vörum/þjónustu sinni á framfæri í gegnum ferðaskrifstofur og/eða að ferðamenn kjósi í auknum mæli að versla vörur og þjónustu í gegnum ferðaskrifstofur.


Meðalútgjöld á hvern ferðamann eftir útgjaldalið

í þús.kr.



Þróun meðalútgjalda á hvern ferðamann eftir útgjaldalið

%-breyting frá 2009



Kínverjar eyða mest miðað við dvalarlengd

Bandaríkjamenn flestir og eyða einnig yfir meðallagi

Kínverskir ferðamenn vorðu hvað hæstum fjárhæðum á mann á dag hér á landi á síðasta ári. Svo virðist að minnsta kosti vera þegar litið er til þeirra þjóða sem skilja hér eftir mest heildarverðmæti.*


Bandarískir ferðamenn eru nú um þriðjungur allra ferðamanna sem hingað ferðast. Einnig benda niðurstöður kannana til þess að þeir eyði yfir meðallagi á hverjum sólarhring. Bandarískir ferðamenn eru því að öllum líkindum þeir sem skila hvað mestum gjaldeyristekjum til landsins á

heildina litið. Á móti kemur að kannanir benda til að gestir frá Norður–Ameríku dvelji að meðaltali skemur en aðrir og það veldur því að heildarneysla þeirra er minni sem því nemur í samanburði við aðra.

Dvalartími ferðafólks frá Kína, hinum norrænu ríkjunum og Bretlandi er einnig alla jafna styttri en gengur og gerist að jafnaði. Aðrir Evrópubúar dvelja hér lengur.

Meðalútgjöld á dag á hvern ferðamann eftir þjóðerni árið 2018

í þús. kr.



*Allur kostnaður, þ.m.t. flug með erlendum flugfélögum og kostnaður sem fellur til vegna bóknar á gistingu, ferðum og afþreyingu í tengslum við pakkaferðir. Allar upphæðir eru reiknaðar í íslenskar krónur út frá gengi gjaldmiðla þann mánuð sem ferðast var (skv. gengisskráningu Seðlabanka Íslands). Einungis er horft til ferðamanna þeirra þjóða sem skila að lágmarki 3% af heildarútgjöldum ferðamanna hér á landi

Sígandi lukka í verðmætaukningu greinarinnar

Tækifæri fólgið í að viðhalda verðmætaukningu með auknu verðmæti á hvern ferðamann

Verðmætaukning ferðapjónustunnar hefur verið drifin áfram af fjölgun ferðamanna mun frekar en aukinni neyslu þeirra á meðan á dvöl stendur. Nú hefur hægt verulega á fjölgun ferðamanna og er útlit fyrir að þeim muni fækka á þessu ári.


Frá árinu 2013 og fram á mitt ár 2017 jókst kortavelta ferðamanna í erlendum gjaldmiðlum að meðaltali um 4,4% á ársfjórðungsgrundvelli. Frá miðju ári 2017 og út síðasta ár snerist vöxturinn hins vegar í lítilegan samdrátt eða um 0,1%

á ársfjórðungsgrundvelli og varð umræðan um hátt verðlag á Íslandi einnig sífellt háværari.

Ljóst er að fram undan er verðug áskorun að viðhalda verðmætaukningu greinarinnar. Ekki verður lengur hægt að stóla á fjölgun ferðamanna til að drífa hana áfram. Þannig hlýtur að færast aukin áhersla á að auka verðmæti á hvern ferðamann og viðhalda þannig verðmætaukningu þrátt fyrir að hingað komi færri ferðamenn.

Neysla ferðamanna á föstu verðlagi og kortavelta á hvern ferðamann í erlendri mynt

Ársfjórðungar og %-breyting frá fyrra ári



Gengi og verðlag





Sterk hrein eignastaða hagkerfisins, myndarlegur gjaldeyrisforði Seðla-
bankans, jafnvægi í utanríkisvið-
skiptum og áhugi erlendra fjárfesta
á Íslandi styður við hátt raungengi
krónu.

Verulegar verðlags- og launahækk-
anir umfram nágrannalönd mynda
þrýsting á nafngengið til lækkunar
þar sem þær leiða til samsvarandi
hækkunar á raungengi að öðru
óbreyttu.

Verðlag á Íslandi er eitt það ósam-
keppnishæfasta fyrir ferðamenn á
alþjóðavísu. Er Ísland þar í flokki með
öðrum velferðarríkjum sem bjóða
landsmönnum sínum góð lífsskilyrði.

Hefur gengi krónu náð nýju jafnvægi?

Meiri ró á gjaldeyrismarkaði eftir órólegt haust


Gengi krónu lækkaði um nærri 7% á seinasta þriðjungi ársins 2018 eftir tímabil nokkuð stöðugar krónu 12 mánuði þar á undan. Að mati okkar var þessi gengishreyfing fremur af hinu góða og til þess fallin að minnka hættu á vaxandi ytra ójafnvægi hagkerfisins til skemmri tíma litið.

Eftir tímabil töluverðra gengisbreytinga og verulegs flöktis á gjaldeyrismarkaði virðist hafa hægst nokkuð um á nýjan leik. Það sem af er árinu 2019 hefur gengi krónu að jafnaði verið á

svipuðum slóðum og það var stærstan hluta ársins 2016. Almennt hefur dregið nokkuð úr flökti á gjaldeyrismarkaði frá haustdögum í fyrra, en flöktið hefur þó tímabundið aukist í kjölfar atburða á borð við afléttingu innflæðishafta og gjaldþrot Wow.

Núverandi gengi krónu virðist vera í grennd við jafnvægi ef marka má nýlega þróun utanríkisviðskipta, jafnara fjárfestingarflæði á markaði og fleiri slíka þætti.

Gengisvísitala, gildi og flökt



Útlit fyrir allhátt raungengi út áratuginn

... og áframhaldandi pressu á samkeppnishæfni útflutningsgreina landsins

Þrátt fyrir lækkun gengis krónu frá miðju síðasta ári er raungengið enn fremur hátt í samanburði við síðustu áratugi.


Það eru ýmis rök að okkar álitni fyrir því að raungengi krónu verði áfram í hærri kantinum. Hrein eignastaða hagkerfisins er betri en hún hefur verið áratugum saman. Seðlabankinn hefur úr myndarlegum gjaldeyrisforða að spila til að afstýra gengishruni vegna tímabundins fjármagnsflóttu. Ekki er heldur útlit fyrir umtalsverðan viðskiptahalla á næstu misserum.

Stoðir hagkerfisins eru í flestum skilningi traustar og horfur eru um ágætan vöxt til lengri tíma. Því ætti áhugi erlendra fjárfesta á Íslandi að vera nægur til að veða upp það útlæði

sem verður vegna vilja lífeyrissjóðanna til að fjárfesta út fyrir landsteinana og ekki verður fjármagnað með viðskiptaafgangi.

Allt þetta ætti að veða til tiltölulega hás raungengis út áratuginn. Verulegar verðlags- og launahækkunarir hér á landi umfram nágrannalönd myndu hins vegar auka þrýsting á nafngengið til lækkunar þar sem þær leiða til samsvarandi hækkunar á raungengi að öðru óbreyttu.

Raungengi krónu miðað við neysluverð og launakostnað



Skriptir ferðapjónustan sköpum fyrir krónuna?

Fleiri kraftar eru að verki á gjaldeyrismarkaði


Mikill vöxtur gjaldeyrstekna af ferðapjónustu undanfarin ár hefur vitaskuld átt verulegan þátt í því að hækka raungengi krónu fram til ársins 2017 og halda því allháu síðan. Það er því nærtækt að velta upp þeirri spurningu hversu mikil áhrif samdráttur í greininni muni hafa á krónuna.

Eins og fram kemur fyrr í skýrslunni gerum við ráð fyrir að útflutningstekjur frá ferðapjónustunni dragist talsvert saman í ár frá síðasta ári. Á móti dragast útgjöld vegna innfluttra aðfanga til greinarinnar líklega saman um sem nemur u.þ.b. fjórðungi af samdrættinum í útflutningstekjunum. Þar við bætist að afleidd áhrif til minni fjárfestingar og einkaneyslu í ár en ella hefði orðið draga einnig úr innflutningsvexti. Horfur eru því á að ekki verði halli á viðskiptajöfnuði í ár þótt

afgangurinn verði líklega í besta falli sáralitill. Til samanburðar var 81 ma.kr. viðskiptaafgangur á síðasta ári, eða sem nam 2,9% af VLF ársins.

Slík breyting á gjaldeyrisflæði vegna utanríkisviðskipta gæti haft talsverð skammtímaáhrif á gengi krónu. Hér þarf líka að taka tillit til þess að tekjur af ferðapjónustunni virðast skila sér hraðar í gegnum gjaldeyrismarkað en tekjur vöruútflutningsgreina gera að jafnaði.

Útflutningur, innflutningur og viðskiptajöfnuður (ma.kr.)



Skriptir ferðapjónustan sköpum fyrir krónuna?


Fleiri kraftar eru að verki á gjaldeyrismarkaði

Það er þó rétt að hafa í huga að kraftar á gjaldeyrismarkaði eru talsvert fleiri og flóknari og ekki er hægt að setja samasemmerki milli flæðis frá utanríkisviðskiptum og gengisþróunar til skemmri tíma litið. Er þar nærtækt að bera saman þróun árána 2017 og 2018. Á fyrrnefnda árinu nam viðskiptaafgangur 95 mö.kr. en í fyrra var afgangurinn 81 ma.kr.

Þróun gengis krónunnar þessi ár var hins vegar býsna ólík.

Krónan endaði árið 2017 á nánast sama gengi og hún byrjaði það ár en yfir árið 2018 veiktist krónan hins vegar um ríflega 10%. Þessi munur er enn athyglisverðari í ljósi þess að árið 2017 keypti Seðlabankinn gjaldeyri fyrir 70 ma.kr. nettó, en á árinu 2018 seldi bankinn gjaldeyri fyrir u.þ.b. 3 ma.kr. nettó.

Viðskiptajöfnuður og gengisbreytingar krónu eftir árum



Skriptir ferðapjónustan sköpum fyrir krónuna?

Fleiri kraftar eru að verki á gjaldeyrismarkaði


Staðreyndin er sú að flæði um fjármagnsjöfnuð hefur ekki síður ráðið ferðinni um gengisþróun krónu en framangreindir þættir síðustu ár. Fram á árið 2017 var þessu flæði að stórum hluta stýrt af höftum Seðlabankans og forðasöfnun bankans endurspeglaði að miklu leyti innflæði fjármagns í innlendar fjárfestingar. Á síðasta ári var hreint útlæði fjármagns hins vegar allnokkurt og vó öllu þyngra en viðskiptaafgangurinn um gengisþróun krónunnar.

Má þar t.d. benda á að hreint innflæði vegna skráðra nýfjárfestinga erlendra aðila á Íslandi var 79 ma.kr. árið 2016

og 103 ma.kr. árið 2017. Á árinu 2018 var slíkt flæði hins vegar einungis 21 ma.kr.

Á móti þessu innflæði hefur svo komið til talsvert útlæði vegna fjárfestinga lífeyrissjóða og annarra innlendra aðila erlendis. Til að mynda námu slíkar fjárfestingar 119 mö.kr. á árinu 2017 og í fyrra nam útlæði vegna fjárfestingar lífeyrissjóða 109 mö.kr. samkvæmt tölum Seðlabankans. Fjárfestingaflæðið virðist því hafa verið fremur gagnkvæmt á fyrra árinu en útlæðið talsvert meira en innflæðið á því síðara miðað við fyrirbyggjandi gögn.

Fjármagnsflæði vegna skráðra nýfjárfestinga (ma.kr.)




Skiptir ferðapjónustan sköpum fyrir krónuna?

Fleiri kraftar eru að verki á gjaldeyrismarkaði


Annar mælikvarði á ólíka strauma í fjármagnsflæði fæst með því að skoða þróun innstæðna í erlendum gjaldmiðlum hjá innlendum bönkum. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2018 jukust slíkar innstæður til dæmis um 63 ma.kr., reiknað á föstu gengi. Var aukningin hvað hröðust í júlí og ágúst en í kjölfarið fylgdi einmitt umtalsverð veiking krónu á seinni hluta ársins. Eins virðist hafa verið samhengi milli styrkingar krónu í árslok og umtalsverðs samdráttar í slíkum innstæðum.

Samandregið má því segja að fjármagnshreyfingar og stöðutaka ráði að verulegu leyti ferðinni um skammtímagengisþróun krónu enda höfum við bæði dæmi um gengisstyrkingu samfara verulegum viðskiptahalla og um gengisveikingu þrátt fyrir myndarlegan viðskiptaafgang. Til lengri tíma er þó samspil raungengis og viðskiptafjafnaðar einn helsti gangráður gengisþróunar. Þar eru vísbendingar um að tilkoma ferðapjónustu hafi gert það samband talsvert virkara í seinni tíð en áður var raunin.

Gengisvísitala krónu og breytingar á gjaldeyrissinnstæðum



Gjaldeyrissinnstæður innlendra aðila í innlánsstofnunum ma.kr á gengi janúar 2019



Gengisáhrifin lita upplifun ferðamanna


Vísitala sem mælir hvort ferðamenn telji ferðina peninganna virði hefur lækkað mest

Ferðamannapúls Gallup mælir heildarupplifun ferðamanna af Íslandsferðinni og byggir á fimm vísitölum sem allar vega jafnt. Meðalgildi allra vísitalnanna lækkaði á árinu 2017 en hækkaði svo aftur á árinu 2018. Mesta hreyfingin átti sér stað á vísitölunni sem mælir hvort ferðamenn telji ferðina peninganna virði og hafði sú vísitala því mest áhrif á heildarupplifun ferðamanna af dvöl sinni hérlendis.


Þegar gengisvísitalan er skoðuð samhliða hreyfist krónan í

takt við upplifun ferðamanna af verðlaginu, styrkist þegar ferðamaðurinn telur verðlag fara versnandi og veikist þegar ferðamaðurinn telur verðlag fara batnandi hér á landi. Þannig lita gengisáhrifin upplifun ferðamanna af dvöl sinni hér á landi að einhverju leyti.

Ferðamannapúls Gallup og þróun vísitalna



Þróun gengis ISK og vísitölunnar „var ferðin peninganna virði?“



Bandaríkjamenn ánægðastir með verðlagið


Írar, Frakkar og Bretar óánægðastir með verðlagið

Meðaltal vísitölunnar sem mælir ánægju ferðamanna með verðlag stóð einna hæst hjá Bandaríkjamönnum. Bandarískir ferðamenn upplifðu verðlagið þó um 4% verr á síðastliðnu ári en að jafnaði yfir árið 2016. Allir ferðamenn, óháð þjóðerni, upplifðu verðlagið um 2% verra á síðastliðnu ári en á árinu 2016 að jafnaði. Hefur því upplifun bandarískra ferðamanna af verðlagi landsins versnað meira en upplifun ferðamanna annarra þjóða. Írar, Frakkar og Bretar upplifa verðlagið hér á

landi verst allra ferðamanna og hefur upplifun ferðamanna frá áðurgreindum þjóðum af verðlagi landsins einnig versnað meira en upplifun ferðamanna almennt.

Krónan styrktist meira en sem nemur verri upplifun ferðamanna af verðlagi landsins en hún var að jafnaði um 8% sterkari á árinu 2018 miðað við árið 2016. Virðist því sterkari króna ekki endurspeglast að fullu í verri upplifun ferðamanna af verðlagi hér á landi.

Staða og þróun vísitölunnar „var ferðin peninganna virði?“ eftir þjóðerni aðspurðra



Ísland dýrasti áfangastaður Evrópu 2017

Ferðamaðurinn greiddi næstum tvöfalt hærra verð hér en að meðaltali innan ESB árið 2017

Verðlag á Íslandi var það hæsta í Evrópu og 84% hærra en að meðaltali í aðildarríkjum ESB árið 2017. Verðlag hér á landi var nokkuð hærra en í Noregi og Sviss sem skipa annað og þriðja sæti á lista þeirra þjóða með hæsta verðlagið innan ESB árið 2017. Ísland er því eitt dýrasta land Evrópu um þessar mundir og að öllum líkindum einn dýrasti áfangastaður heims fyrir ferðamenn, þrátt fyrir gengisveikingu krónunnar síðan 2017.*


Verðlag á algengum vörum og þjónustu sem ferðamenn sækjast í hefur hækkað langt umfram verðlag á sömu vörum og þjónustu þeirra landa sem hér eru til samanburðar síðastliðinn áratug eða svo. Á árinu 2010 var verðlag í Noregi og í Danmörk á sömu vöru- og þjónustuflokkum hærra en á

Íslandi og var Ísland í þriðja sæti, á pari við Sviss sem var í fjórða sæti. Þá var verðlag hér á landi um þriðjungi hærra (32%) en að meðaltali í aðildarríkjum ESB.

Munur á verðlagi hér og að meðaltali hjá aðildarríkjum ESB hefur því hækkað um 52 prósentustig frá árinu 2010.

Krónan styrktist á sama tímabili um 35% og má því gróflaga áætla að gengisáhrif skýri um það bil tvo þriðju hluta áðurgreindrar hækkunar. Restin hlýtur þá að skýrast af innlendri verðþróun.

Yfir-/undirverðlag þjóða m.v. meðalverðlag aðildarþjóða ESB



Áfengir drykkir þrefalt dýrari hér en innan ESB


... og veitingastaðir og hótél næstum tvöfalt dýrari

Verðlag er hæst hér á landi í sex af sjö vöru- og þjónustuflokkum sem hér eru til skoðunar samanborið við allar þjóðir sem gagnagrunnur Eurostat nær til. Eina tilfellið þar sem hæsta verðlagið er ekki á Íslandi er í flokknum matur og óáfengir drykkir en þar er verðlag hærra í Sviss og Noregi.

Áðurgreind hækkun á verðlagi hérlendis samanborið við verðlag annarra Evrópuþjóða er að mestu vegna hækkunar á áfengum drykkjum og gisti- og veitingaþjónustu. Þessir tveir

liðir eru bæði þeir dýrustu m.v. verðlag annarra Evrópuþjóða og hafa einnig hækkað mest.

Yfir-/undirverðlag vöru- og þjónustuflokka á Íslandi miðað við meðalverðlag aðildarþjóða Evrópusambandsins



Ísland með eitt ósamkeppnishæfasta verðlag heims

... ásamt öðrum velferðarikjum sem bjóða landsmönnum sínum góð lífsskilyrði


Í skýrslu World Economic Forum sem gefin var út árið 2017 um samkeppnishæfni landa í ferðapjónustu er Ísland í 25. sæti af 136 löndum. Þeir þættir sem Ísland skorar hátt í er öryggi, vinnumarkaður og mannauður auk forgangsröðunar stjórnvalda á ferðapjónustu. Hins vegar skorar Ísland lágt á sviði verðlags, samgangna á landi, menningarverðmæta og ráðstefnutengdri ferðamennsku.

Ísland mælist langlægst í samkeppnishæfni í verðlagi og er á meðal ósamkeppnishæfustu þjóða, í 132. sæti í þeim flokki. Það ætti ekki að koma á óvart þar sem Ísland er talinn dýrasti áfangastaður Evrópu. Þær þjóðir sem teljast samkeppnishæfastar á þennan mælikvarða eru í flestum tilfellum með lága verga landsframleiðslu (VLF) á hvern íbúa.


VLF á hvern íbúa er oft notað sem mælikvarði á lífsgæði milli landa. Einu löndin sem skora hærra í VLF á hvern íbúa og einnig í verðlagi í ferðapjónustu eru Noregur, Írland og Lúxemborg. Hátt verðlag og aukin lífsgæði hanga því að talsverðu leyti saman. Í því ljósi er það ekki alsæmt að Ísland sé ósamkeppnishæft í verðlagi á vörum og þjónustu í ferðapjónustu.

Undanfarin misseri hefur gengi krónunnar veikt og verðlag þróast með höflegum hætti. Hafa skilyrðin því þróast meira á þá leið að auka samkeppnishæfni ferðapjónustunnar, og landsins í heild, í verðlagi m.v. aðrar þjóðir.

Samkeppnishæfustu löndin í verðlagi (á skalanum 1-7)



Ósamkeppnishæfustu löndin í verðlagi (á skalanum 1-7)





Gistipjónusta og bílaleigur





Tekist hefur að snúa við vaxandi hlutdeild Airbnb og annarrar óskráðrar gistingar og er ástæðan að miklu leyti einföldun og hert eftirfylgni reglna.

Að okkar mati mun nýting hótela halda áfram að lækka á þessu ári. Útlit er fyrir að slíkt hið sama muni gerast með nýtingu á bílaleiguflo-
tunum.

Airbnb tekur U-beygju


... og skráð gistinguþjónusta sækir í sig veðrið

Gistinguþjónustumarkaður landsins seldi á síðastliðnu ári um 20 þúsund fleiri gistinguætur en árið áður, sem nemur um 0,2% fjölgun. Fjölgunin er því nokkuð hægari en fjölgun ferðamanna á sama tíma sem bendir til styttri dvalartíma ferðamanna.


Þegar þróunin er svo skoðuð eftir tegund gistinguþjónustu kemur í ljós að á hinum hefðbundna skráða markaði voru seldar gistinguætur um 164 þúsundum eða 2,3% fleiri á

síðastliðnu ári og stendur þannig undir allri fjölgun seldra gistinguátta. Á sama tíma seldi hinn óskráði markaður um 144 þúsund færri gistinguætur sem nemur samdrætti um 5,7%. Það er kúvending á þróuninni undanfarin ár en sem dæmi má nefna að á árinu 2017 tók óskráð gistinguþjónusta til sín 74% af fjölgun gistinguátta og jók hlutdeild sína á gistinguþjónustumarkaðinum á kostnað allra annarra valkosta á markaðinum.

Fjölgun seldra gistinguátta, skráðra eða óskráðra, árið 2017
í milljónum gistinguátta



Fjölgun seldra gistinguátta, skráðra eða óskráðra, árið 2018
í milljónum gistinguátta



Hvað veldur?


Hert eftirfylgni reglna!

Á síðastliðnu ári drógust umsvif Airbnb saman á gistinguþjónustumarkaðinum. Ástæðurnar eru í meginatriðum þrjúþættar:

1. Ferðamönnum fjölgaði umtalsvert hægar á síðastliðnu ári og var því meira svigrúm hjá annars konar gistinguþjónustu til að mæta viðbætti eftirspurn ferðamanna eftir gistingu
2. Íbúðaverð hækkaði umtalsvert hægar og því minni fjárhagslegur hvati fyrir aðila að binda fjármagn í fasteign með skammtímaleigu til ferðamanna í huga
3. Ráðist var í aðgerðir með það fyrir augum að einfalda skráningu á skammtímaleigu til ferðamanna ásamt því að herða eftirlit með þess konar starfsemi

Í apríl á síðastliðnu ári höfðu rúmlega þrefalt fleiri fengið skráð leyfi fyrir heimagistingu en á sama tíma árið 2017. Í byrjun apríl á þessu ári voru leyfin um þriðjungi fleiri en á sama tíma árið 2018.

Fjöldi skráðra leyfa fyrir heimagistingu



Atburðarás og tímalína frá því að lög um heimagistingu taka gildi

Ný lög um heimagistingu hafa tekið gildi

Kostar tæpar 80 þúsund krónur að fá leyfi

161 leyfi fyrir heimagingu

Aðeins 154 með leyfi fyrir heimagingu í Reykjavík

Skráning á heimagingu verður einfaldari og ódýrari

Ný skýrsla um ferðapjónustuna

Airbnb er orðið þrjár sinnum umfangsmeira en öll gistiheimil landsins en á síðasta ári nam veltu Airbnb 20 milljarðum króna sem er aukning um 109% frá fyrra ári.

Á annan tug milljarða í neðanjarðarhagkefnu vegna Airbnb

Vill hert eftirlit með Airbnb

8 manna sveit fylgist með ólöglegri heimagingu

80% fjölgun á skráðum heimagistingum

Hvernig lítur þessi markaður þá út?

Skráð gisting nú stærri hluti kökunnar sem hefur í för með sér margvíslegan ávinning

Með tilkomu Airbnb féll hlutdeild skráðrar gistingjónustu í seldum gistingu hratt og náði minnst 74% á árinu 2017. Airbnb gaf hins vegar eftir á síðastliðnu ári og skráð gistingjónusta jók hlutdeild sína á ný. Þar með tókst að snúa við vaxandi hlutdeild Airbnb og annarrar óskráðrar gistingar.


Hefur það m.a. í för með sér eftirfarandi ávinning:

- Skráði hluti íslenskrar ferðapjónustu og þar með hið opinbera nýtur nú stærri hlutdeildar í þeirri verðmætaaukningu sem ferðamaðurinn skilar

- Hærra hlutfall skráðra aðila stuðlar að sanngjarnari samkeppnisgrundvelli innan gistingjónustugeirans
- Auðveldara verður að fylgjast með, greina og skilja þróun á markaðinum og ferðatilhögun ferðamanna

Líklegt verður að teljast að skráð gistingjónusta muni áfram auka hlutdeild sína. Ekki síst í ljósi þess árangurs sem hert eftirlit með óskráðri gistingu hefur borið en einnig vegna þeirrar framboðsaukningar sem fyrirhuguð er hjá hótélunum.

Hlutdeild seldra gistinguáttar eftir tegund gistingjónustu (% af heildarfjölda seldra gistinguáttar á hverju ári)



Asískir og breskir ferðamenn sækja í dýrari gistingu


... á meðan ferðamenn frá öðrum svæðum nýta sér í ríkari mæli ódýrari eða gjaldfrjálsa gistingu

Hlutfallslega flestir ferðamanna frá Asíu og Bretlandi nýta sér gistingu hér á landi á hótélum, hótélíbúðum og gistiheimilum. Óhætt er að segja að slík gisting sé í flestum tilfellum dýrari en valmöguleikar á borð við farfuglaheimili, tjald, húsbíl o.þ.h. Þá er hlutfall ferðamanna frá áðurgreindum svæðum sem greiðir ekki fyrir næturdvöl lægra en hjá öðrum markaðssvæðum. Þannig skilar hver ferðamaður áðurgreindra svæða að öllum líkindum fleiri krónum í gistiadstöðu á hverja gistinótt en ferðamenn annarra markaðssvæða að meðaltali.

Ferðamenn frá Norður-Ameríku virðast sækjast meira í Airbnb og ferðamenn frá Mið- og Suður-Evrópu virðast sækja meira í aðra ódýrari gistikosti. Ferðamenn frá Norðurlöndunum virðast sækja meira í gistingu hjá vinum/ættingjum og ferðamenn frá Austur-Evrópu virðast sækja meira í fría gistingu.

Bendir þessi tölfræði til að hver ferðamaður frá þessum svæðum skili færri krónum í gistiadstöðu á hverja gistinótt en ferðamenn frá Asíu og Bretlandseyjum að meðaltali.

Hlutfallsleg skipting á valdri gistingu eftir markaðssvæðum árið 2018



Eftirspurn eftir gistingu best mætt á Suðurnesjum

Hótel á landsbyggðinni með meira svigrúm til að auka nýtingu en hótel á höfuðborgarsvæðinu


Hótelherbergjum hefur ekki fjölgað í takt við fjölgun ferðamanna á Íslandi. Þar af leiðandi hefur nýting þeirra aukist töluvert á undanförunum árum. Hlutfallsleg fjölgun seldra gistinátta var mest á Suðurnesjum. Suðurnesin ásamt Vesturlandi, Vestfjörðum og Suðurlandi eru einu landsvæðin þar sem fjölgun seldra gistinátta til ferðamanna var umfram hlutfallslega fjölgun ferðamanna. Hefur það tekist bæði með umtalsverðri framboðs aukningu og einnig með bættri nýtingu. Hlutfallsleg framboðs aukning hótelherbergja var sú

mesta á Suðurnesjum á landinu yfir tímabilið og þá jókst nýting næstmest allra landsvæða á Suðurnesjum. Bendir þetta til að hótélum á Suðurnesjum hafi tekist betur að mæta fjölgun ferðamanna yfir tímabilið en hótélum á öðrum landsvæðum.

Hótel á Suðurlandi mættu fjölgun ferðamanna á tímabilinu að mestu með aukinni nýtingu hótelherbergja og hefur því tekist að nýta betur þær fjárfestingar sem ráðist hefur verið í á því landsvæði.

Breyting á nýtingu hótelherbergja og hlutfallsleg fjölgun seldra gistinátta, herbergja og ferðamanna

Eftir landsvæðum frá árinu 2015



Verð á gistingu hækkað um rúmlega helming

... frá árinu 2011 á meðan verð á gistingu í Evrópu hefur staðið í stað yfir sama tímabil

Hótel í Reykjavík áttu í fullu fangi með að mæta aukinni eftirspurn eftir gistingu hér á landi samhliða uppgangi ferðapjónustunnar frá árinu 2010. Líkt og komið hefur fram fjölgaði hótélherbergjum á Íslandi ekki í takt við fjölgun ferðamanna á tímabilinu og fyrir vikið jókst nýting þeirra umtalsvert.


Í ljósi umframeftirspurnar eftir gistingu sköpuðust skilyrði fyrir aðila í gistingu til að hækka verð langt umfram það sem

eðlilegt þykir í greininni á alþjóðavísu. Á sama tíma og verð hótela í Reykjavík hækkaði um 60% stóð það í stað hjá hótélum innan Evrópu að meðaltali.

Þannig hækkaði RevPar* hótela í Reykjavík um 90% en einungis um 10% á sama tíma innan Evrópu að meðaltali. Þetta þarf ekki endilega að þýða að hótélrekstur sé arðbærari í Reykjavík en innan Evrópu almennt enda ekki tekið tillit til kostnaðar í þessum útreikningum.


ADR og uppsöfnuð prósentustigsbreyting í nýtingu hótela

Reykjavík í samanburði við hótél innan Evrópu að meðaltali



RevPar hótela - vísitala (2011=1)

Reykjavík í samanburði við hótél innan Evrópu að meðaltali



Hótelgisting í Reykjavík ein sú dýrasta í heimi

Lítið sem ekkert svigrúm fyrir frekari verðhækkunar hjá hótélum í Reykjavík

Hótel í Reykjavík veltu tæplega 25 mö.kr. á síðastliðnu ári og jókst veltan um 5,8% frá árinu 2017. Nýting hótela í Reykjavík dróst saman um fimm prósentustig á árinu 2018 miðað við fyrra ár. Meðalverð hótela í Reykjavík jókst um 3,3% á árinu 2018 miðað við fyrra ár og náðist því aukin velta með hærri meðalverðum yfir árið þrátt fyrir lakari nýtingu.


Hótelgisting í Reykjavík er um þessar mundir rúmlega þriðjungi dýrari (36%) en að meðaltali hjá hótélum innan Evrópu og á bilinu 4–11% dýrari en í stórborgum á borð við

New York, Barcelona og London.

Hátt verðlag hér á landi rýrir samkeppnishæfni landsins á alþjóðavísu og ljóst er að svigrúm fyrir frekari verðhækkunar hjá hótélum í Reykjavík, nú þegar nýting fer lækkandi og ferðamönnum fækkandi, er lítið sem ekkert.

Verð á hótélum valinna stórborga árið 2018

(í þúsundum íslenskra króna fyrir hverja nótt)



Lægri verð á hótélherbergjum framundan?

Fækkun ferðamanna og versnandi nýting skapar þrýsting á verðlækkun hjá aðilum í hótélrekstri


Líkt og áður segir skapaði umframeftirspurn ferðamanna eftir gistingu skilyrði fyrir talsverðar verðhækkunir aðila í hótélrekstri m.a. Átti það sérstaklega við um árið 2016 þegar að hlutfallsleg fjölgun seldra gistinguátta var langt umfram framboðsaukningu hótélherbergja á landinu. Fyrir vikið hækkaði nýting hótélherbergja á öllum landsvæðum. Síðan á seinni hluta ársins 2017 hefur nýting hótélherbergja hins vegar lækkað á flestum landslutum. Nýting á fyrstu tveimur mánuðum ársins hefur lækkað mest á

höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum frá sama tíma árið 2018. Þar hefur nýting verið hæst undanfarin ár og því ef til vill meira svigrúm fyrir lægri nýtingu þar en á öðrum landsvæðum þar sem að nýtingin hefur verið lægri.

Lækkandi nýting ásamt háu verði hótélherbergja hér á landi í alþjóðlegu samhengi skapar þrýsting á verðlækkun hjá hótélherbergjum á Íslandi.


Gistinætur á hótélum og framboð hótélherbergja

Breyting milli ára (%)



Nýting hótélherbergja eftir landsvæðum

Prósentustigsbreyting frá fyrra ári



* Hér kemur einungis til álita nýting í janúar og febrúar

Áfram talsverð fjölgun hótélherbergja

... sem mun leiða af sér frekari lækkun á nýtingu hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu

Greining Íslandsbanka áætlar að fjölgun hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu verði um 1.300 til og með árinu 2021. Hlutfallsleg fjölgun hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu er um 8% að meðaltali á hverju ári út spátímabilið. Áætluð fjárfesting vegna þessa nemur rúmum 61 ma.kr. út spátímabilið eða um 20 mö.kr. að meðaltali ár hvert.

Á síðastliðnu ári fækkaði seldum gistinóttum á hótélum á höfuðborgarsvæðinu til ferðamanna um 0,5% þrátt fyrir að ferðamönnum hafi fjölgað um 5,5%. Þá lækkaði nýting hótela á höfuðborgarsvæðinu einnig úr 84,4% á árinu 2017 í 78,6% á árinu 2018 eða um tæp sex prósentustig.


Bendir þetta til þess að önnur landsvæði og/eða annars konar gistipjónusta hafi mætt fjölgun ferðamanna á

síðastliðnu ári í ríkari mæli en hótél á höfuðborgarsvæðinu og þannig aukið hlutdeild sína á gistipjónustumarkaðinum á kostnað hótela á höfuðborgarsvæðinu.

Áfram stefnir í talsverða fjölgun hótélherbergja á svæðinu þrátt fyrir að útlit sé fyrir að ferðamönnum muni fækka á árinu. Að öðru óbreyttu má því gera ráð fyrir að nýting hótela á höfuðborgarsvæðinu muni verða lægri á þessu ári en á síðastliðnu ári að jafnaði.


Áætluð fjölgun hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu

Til ársins 2021



Áætluð fjárfesting í hótélherbergjum á höfuðborgarsvæðinu

Til ársins 2021 í mö.kr.



Lakari nýting bílaleiguflotans framundan?


Fjöldi bílaleigubíla í umferð eykst í upphafi árs þrátt fyrir fækkun ferðamanna

Bílaleigubílum í umferð á háannatíma ferðapjónustunnar fjölgaði um 4% á milli ára 2017 og 2018 og er sú fjölgun í takt við fjölgun ferðamanna.

Athygli vekur að meðalfjöldi bílaleigubíla í umferð hefur aukist um 6% á fyrstu þremur mánuðum ársins þrátt fyrir að að ferðamönnum hafi fækkað um 5% á sama tíma. Gæti þetta bent til þess að erfiðara sé að selja úr flotanum en áður og að við blasi verri nýting bílaleiga á flotanum.

Bílaleiguflotinn hefur tæplega fjórfaldast að stærð frá árinu 2010. Samtals voru um 26.000 bílaleigubílar í umferð þegar mest lét síðasta sumar eða sem nemur um 10% af heildarbílaflota landsins.

Fjöldi bílaleigubíla í umferð yfir hásumar og utan háannatíma





Vinnumarkaður





Ferðapjónustan hefur skapað um þriðjung allra starfa frá árinu 2011 og hefur þannig átt stóran þátt í að draga úr atvinnuleysi á tímabilinu.

Fjöldi ferðamanna á hvern starfsmann í ferðapjónustu hefur tvöfaldast frá árinu 2008 og hefur framleiðni vinnuafis í rekstri gisti- og veitingastaða aukist um næstum helming á sama tímabili. Hvert starf skilar því meiri virðisauka nú en áður.

Hjöðnun á vinnumarkaði ferðapjónustunnar er hafin og er útlit fyrir enn frekari hjöðnun næstu misseri.

Flest sköpuð störf innan ferðapjónustunnar

Pannig hefur greinin átt stóran þátt í að draga úr atvinnuleysi

Störfum innan ferðapjónustu hefur fjölgað gífurlega mikið samhliða miklum vexti í greininni undanfarin ár. Á tímabilinu frá 2011–2018 hafa skapast 17 þúsund störf í ferðapjónustugreinum eða rúmlega þriðjungur allra skapaðra starfa á tímabilinu. Ef atvinnugreinum tengdum ferðapjónustu er bætt við hækkar hlutfallið enn meira en greinar líkt og verslun og byggingariðnaður tengjast ferðapjónustu óbeint. Ferðapjónusta hefur aukið umsvif sín í íslensku atvinnulífi til muna á síðastliðnum árum og að okkar

mati má því rekja beint eða óbeint a.m.k. helming þeirra starfa sem skapast hafa í hagkerfinu á tímabilinu til ferðapjónustunnar. Fjölmennasti geirinn innan ferðapjónustunnar er veitingasala og -þjónusta en þar starfa 37% starfsfólks ferðapjónustunnar. Næstflestir starfa við rekstur gististaða eða 24%.

Hlutfall
atvinnulausra




2010
7,6%




2018
2,7%

Fjöldi skapaðra starfa á tímabilinu 2011–2018



Fjöldi starfsmanna í ferðapjónustu eftir geirum árið 2018



Ferðapjónusta umfangsmesta atvinnugreinin


... og hlutfallsleg fjölgun starfa innan greinarinnar sú sjötta mesta í heiminum

Þó að nú hægi á í greininni hefur ferðapjónustan aukið umsvif sín í íslensku atvinnulífi til muna á síðastliðnum árum. Á árinu 2018 störfuðu tæplega 29 þúsund manns í ferðapjónustu og hefur hlutfall launþega í greininni af heildarfjölda starfandi í hagkerfinu vaxið úr 7,5% í 14,8% frá árinu 2008 eða um 7,3 prósentustig. Ljóst er að ferðapjónustan er ein umfangsmesta atvinnugrein hagkerfisins.


Í alþjóðlegu samhengi var hlutfallsleg fjölgun starfa á Íslandi

sem tengjast ferðapjónustu beint sú sjötta hraðasta í heiminum árið 2017.

Hlutfall starfa í ferðapjónustu af heildarfjölda starfa



Hlutfallsleg fjölgun beinna starfa í ferðapjónustu árið 2017



Framleiðni vinnuafls í ferðapjónustu aukist töluvert

Fjöldi ferðamanna á hvern starfsmann hefur tvöfaldast á áratug


Framleiðni vinnuafls í ferðapjónustu hefur aukist töluvert á undanförunum árum. Hagstofan skilgreinir framleiðni vinnuafls sem þau verðmæti sem verða til við framleiðslu á hverja vinnustund. Þar jókst framleiðni vinnuafls í rekstri gististaða og veitingarekstri um 41% á árunum 2008–2018 eða næstmest allra atvinnugreina. Þannig skilar hvert starf innan ferðapjónustunnar auknum virðisauka nú miðað við áður.

Fjöldi ferðamanna á hvern starfsmann hefur aukist töluvert á undanförunum árum. Á árinu 2018 voru um 80 ferðamenn á hvern starfsmann í ferðapjónustu en til samanburðar voru þeir 39 árið 2008. Fjöldi ferðamanna á hvern starfsmann hefur því meira en tvöfaldast á síðustu tíu árum. Ætla má að fjöldi starfsmanna á hvern ferðamann hafi náð hæstu hæðum árið 2018 og muni fækka árið 2019.




80 ferðamenn á hvern starfsmann í ferðapjónustu

Framleiðni vinnuafls eftir atvinnugreinum



Fjöldi ferðamanna á hvert starf í ferðapjónustu



Hjöðnun á vinnumarkaði í ferðapjónustu hafin

Störfum innan ferðapjónustu fækkað um 5%

Undanfarna mánuði hefur töluverður fjöldi misst vinnuna í greinum innan ferðapjónustu. Ástæða þess má fyrst og fremst rekja til gjaldþrots WOW Air í mars síðastliðnum. Hjá flugfélaginu störfuðu um 1.000 manns sem öll misstu vinnuna og í kjölfarið urðu hópuppsagnir hjá öðrum fyrirtækjum sem reiddu sig á starfsemi fyrirtækisins. Á átta daga tímabili eftir gjaldþrot flugfélagsins barst Vinnumálastofnun 1.450 umsóknir um atvinnuleysisbætur, þar af voru 740 umsóknir frá starfsmönnum WOW Air og má ætla að meginþorri annarra umsókna séu vegna starfa innan ferðapjónustunnar sem rekja má óbeint til gjaldþrots WOW Air.

Ef gert er ráð fyrir að öll þessi störf tengjast ferðapjónustu þá fækkaði störfum innan ferðapjónustunnar um 5% á þessu tímabili. Þess má vænta að störfum muni fækka enn meira á næstu misserum. Í kjölfar uppsagnanna mun atvinnuleysi aukast, skráð atvinnuleysi mældist 3,2% í mars og miðað við fjölda nýskráninga á atvinnuleysisrá gerir Vinnumálastofnun ráð fyrir að skráð atvinnuleysi í apríl verði á bilinu 3,3–3,6%. Meiri óvissa og minni umsvif í ferðapjónustu hefur orðið til þess að hjöðnun innan greinarinnar er þegar hafin.

Gjaldþrot WOW air – atburðarrás



Merki um enn frekari hjöðnun á vinnumarkaði á næstunni


Hlutfallslega fleiri fyrirtæki vilja fækka starfsmönnum en fjölga þeim

Samkvæmt könnun Gallup um viðhorf 400 stærstu fyrirtækja landsins sem framkvæmd er fyrir Seðlabanka Íslands og Samtök atvinnulífsins er útlit fyrir að störfum muni fækka enn frekar á árinu. Um 23% fyrirtækja sem hyggja á starfsmannabreytingar á næstu sex mánuðum telja sig þurfa að fækka starfsfólki en aðeins 14% fyrirtækja vilja fjölga starfsfólki. Í flokknum samgöngur, flutningar og ferðapjónusta vildu aðeins 3,3% fyrirtækja fjölga starfsfólki en um 31% vildu fækka starfsfólki. Það er hæsta hlutfall af þeim fyrirtækjum sem vilja fækka starfsfólki á næstu ó mánuðum. Stór hluti fyrirtækja í öðrum flokkum sem verða fyrir óbeinum

áhrifum af ferðapjónustu vilja einnig fækka starfsfólki á næstu sex mánuðum. Þessir flokkar eru iðnaður og framleiðsla (-28%), byggingastarfsemi og veitur (-24%) og verslun (-18%). Þetta er merki um enn frekari hjöðnun á vinnumarkaði í ferðapjónustu á næstu misserum.

Heildarniðurstöður könnunar um viðhorf 400 stærstu fyrirtækja sýna viðsnúning frá niðurstöðum síðustu ára og hefur viðhorf stjórnenda fyrirtækja á undanföllum mánuðum ekki verið neikvæðara síðan á árunum í kringum efnahagsfallið.

Starfsmannabreytingar stærstu fyrirtækja næstu sex mánuði Eftir atvinnugreinaflokkum




Minnkandi eftirspurn eftir erlendu vinnuafli

... samhliða minnkandi þenslu í efnahagslífinu

Eftirspurn eftir vinnuafli hefur undanfarin ár verið langt umfram það framboð vinnuafis sem fólgið er í náttúrulegri fjölgun á íslenskum vinnumarkaði. Hefur eftirspurninni því verið mætt með erlendu vinnuafli. Aðfluttum erlendum ríkisborgurum á Íslandi á aldrinum 20–59 ára fjölgaði umfram brottflutta um 3,1% af mannfjölda árið 2018. Þrátt fyrir að það sé lækkun um 0,7 prósentustig frá fyrra ári mælist þetta næstmesta fjölgun á einu ári. Þessir búferlaflutningar eru afleiðing þeirrar miklu þenslu sem hefur átt sér stað í

efnahagslífinu og þar af leiðandi á vinnumarkaðinum. Nú þegar hefur dregið úr þenslunni og er útlit fyrir að sú þróun muni halda áfram.


Aðfluttir umfram brottflutta sem hlutfall af mannfjölda á Íslandi %





Rekstrarniðurstöður





Styrking krónunnar, hægari fjölgun ferðamanna og verðþrýstingur í flugrekstri vegna aukinnar samkeppni eru á meðal ástæðna fyrir hægari tekjuvexti í greininni.

Ekki hefur tekist nógu vel að mæta þessari þróun með kostnaðarhagræðingu og niðurstaðan því versnandi rekstrarniðurstöður greinarinnar á nánast alla mælikvarða.

Hagnaður ferðapjónustunnar rúmlega helmingast

Þrátt fyrir ágætan tekjuvöxt greinarinnar vaxa gjöld hraðar og EBITDA lækkar um fjórðung

Creditinfo hefur í samstarfi við Íslandsbanka tekið saman rekstrarniðurstöður í íslenskri ferðapjónustu. Niðurstöðurnar endurspeglja þá starfsemi sem fyrst og fremst höfðar til erlendra ferðamanna.*

Á árinu 2017 námu rekstrartekjur ferðapjónustunnar 425 mö.kr. og jukust þær um 10% frá fyrra ári. Rekstrargjöld hækkuðu þó hlutfallslega meira (18%) og minnkar því EBITDA-framlegð greinarinnar úr 17% í 11,6% á milli árunna.

EBITDA greinarinnar náði að öllum líkindum sögulegu hámarki á árinu 2016 í 65 mö.kr. en lækkaði um 16 ma.kr. í 49 ma.kr. á árinu 2017 eða um 25%. Hagnaður greinarinnar dróst jafnframt saman úr rúmum 27 mö.kr. í tæplega 11 ma.kr. sem nemur lækkun um 17 ma.kr. eða um 61% á árinu 2017 frá fyrra


ári.

Arðsemi eigna (hagnaður/eignir) gefur vísbendingar um það hversu arðbærar eignir félaga eru. Frá árinu 2011 nær mælikvarðinn hámarki árið 2015 í 9% og lækkar svo í 7,3% árið á eftir. Arðsemi eigna lækkaði áfram árið 2017 í 2,7% eða um 4,6 prósentustig frá fyrra ári. Er það mesta lækkun mælikvarðans á milli ára í núverandi uppsveiflu.

Ytri áhrif á borð við styrkingu krónunnar, hægari fjölgun ferðamanna og verðþrýsting í flugrekstri vegna aukinnar samkeppni hafa leitt af sér hægari tekjuvöxt í greininni. Svo virðist sem ekki hafi tekist nógu vel að mæta þeirri þróun með kostnaðarhagræðingu og niðurstaðan því versnandi rekstrarniðurstöður greinarinnar.

Rekstrarstærðir ferðapjónustufyrirtækja á Íslandi

Fjárhæðir í mö.kr.



*Einungis eru tilgreind þau fyrirtæki sem hafa a.m.k. talið fram 10 m.kr. í eignir eða 10 m.kr. í rekstrartekjur einhvern tímann á tímabilinu 2011 til 2017. Opinber hlutfélög eru jafnframt ekki hluti af því mengi sem Creditinfo tók saman.

1% fyrirtækja með rúman helming allra tekna

... og 93% fyrirtækja í ferðapjónustu með einungis 19% rekstrartekna


Rekstrartekjur 13 stærstu fyrirtækjanna* námu um 245 mö.kr eða sem nemur 58% af heildartekjum greinarinnar á árinu 2017. Þar af námu tekjur tveggja stærstu flugfélaganna, Icelandair og WOW air 160 mö.kr. sem nemur rúmum þriðjungi af heildartekjum greinarinnar.

Ferðapjónustan á Íslandi einkennist því af fáum mjög stórum fyrirtækjum og mörgum litlum. Lítil fyrirtæki, með tekjur undir 500 m.kr. eru 1.234 talsins og mynda saman um 93% af

heildarfjölda fyrirtækja í greininni. Lítil fyrirtæki skila engu að síður einungis um 19% af heildartekjum greinarinnar á árinu 2017.


Meðalstór fyrirtæki, með tekjur á milli 500 m.kr. og 4 ma.kr. á árinu 2017 eru 86 talsins og mynda því 6% af heildarfjölda fyrirtækja í greininni. Samtals stóðu meðalstór fyrirtæki undir næstum fjórðungi af heildartekjum greinarinnar á árinu 2017.

Fjöldi fyrirtækja í ferðapjónustu eftir stærð árið 2017



Fjöldi og rekstrartekjur eftir stærð fyrirtækja árið 2017

Sem hlutfall af heildarfjölda og heildartekjum í greininni



Rekstrartekjur langmestar á höfuðborgarsvæðinu


... enda tæplega ¾ stórra og meðalstórra fyrirtækja með skráð aðsetur þar

Um 80% af heildartekjum greinarinnar verða til hjá fyrirtækjum með skráð aðsetur á höfuðborgarsvæðinu og 20% á landsbyggðinni. Engu að síður er næstum helmingur fyrirtækja í greininni með skráð aðsetur á landsbyggðinni (43%). Ástæða þessa er fyrst og fremst sú að 11 af 13 stærstu fyrirtækjum ferðapjónustunnar m.v. rekstrartekjur ársins 2017 eru með aðsetur á höfuðborgarsvæðinu. Þá eru 72% stórra og meðalstórra fyrirtækja með skráð aðsetur á höfuðborgarsvæðinu.

Fá fyrirtæki með miklar tekjur valda því að mikill munur er á meðalrekstrartekjum og miðgildi rekstrartekna. Á þetta sérstaklega við um höfuðborgarsvæðið. Miðgildi rekstrartekna leiðréttir fyrir ófgagildum og sýnir það fyrirtæki sem staðsett er í miðjunni sé öllum fyrirtækjum ferðapjónustunnar raðað upp eftir rekstrartekjum.


Fjöldi og rekstrartekjur eftir landsvæðum árið 2017

Sem hlutfall af heildarfjölda og heildartekjum í greininni



Meðaltal og miðgildi tekna eftir landsvæðum árið 2017

Fjárhæðir í m.kr.



Jafnari tekjudreifing utan suðvesturhluta landsins

Miðgildi tekna lægst á meðal fyrirtækja á Suðurnesjum, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra

Mestu rekstrartekjur á landsbyggðinni voru hjá fyrirtækjum með aðsetur á Suðurnesjum eða um 25 ma.kr. (6% af heildartekjum greinarinnar). Einu tvö stóru fyrirtækin á landsbyggðinni eru með aðsetur á Suðurnesjum og á Norðurlandi eystra. Áðurgreind landsvæði afla um 49 ma.kr. eða rúmlega helming (58%) af þeim 84 mö.kr. sem fyrirtæki með skráð aðsetur á landsbyggðinni afla.

Munurinn á meðaltali og miðgildi er jafnframt mestur á landsbyggðinni á Suðurnesjum og á Norðurlandi eystra sem skýrist eins og áður segir af tveimur stórum fyrirtækjum sem staðsett eru á þessum landsvæðum.


Tekjudreifingin er svo mun jafnari þegar horft er frá Norðurlandi eystra og suðvesturhorni landsins þar sem

meðaltaltekjur eru talsvert nær miðgildi tekna. Tekjudreifing fyrirtækja er jöfnust á Norðurlandi vestra, Vesturlandi og Áusturlandi.

Miðgildi tekna er lægst á meðal fyrirtækja með skráð aðsetur á Suðurnesjum, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Bendir það til þess að þar sé hærra hlutfall smærri fyrirtækja m.v. rekstrartekjur en á öðrum landsvæðum.


Fjöldi og rekstrartekjur eftir landsvæðum árið 2017

Sem hlutfall af heildarfjölda og heildartekjum í greininni



Meðaltal og miðgildi tekna eftir landsvæðum árið 2017

Fjárhæðir í m.kr.



Flugfélögin með langmestu tekjurnar

Hótel og ferðaskrifstofur koma þar á eftir og minnsta veltan er í farþegaflutningum

Tekjur flugfélaga í íslenski ferðapjónustu námu 179 mð.kr. og verður því um 42% af heildartekjum ferðapjónustunnar til hjá flugfélögum. Næst á eftir koma svo gistinguþjónustuaðilar, með 81 ma.kr. (19% af tekjum greinarinnar) og ferðaskrifstofur með 72 ma.kr. (16% af tekjum greinarinnar).

Hafa ber í huga að starfsemi ferðaskrifstofa felst í því að selja vörur og þjónustu annarra ferðapjónustufyrirtækja og renna tekjur ferðaskrifstofa því að mestu leyti til annarra fyrirtækja í


greininni.

Minnsti hluti tekna er svo hjá fyrirtækjum í farþegaflutningum eða um 27 ma.kr. sem nemur um 6% af heildartekjum í greininni.

Munurinn á meðaltali og miðgildi er mestur hjá flugfélögum sem skýrist eins og áður segir af yfirburðastærð Icelandair og WOW air.


Fjöldi og rekstrartekjur eftir starfsemi árið 2017

Sem hlutfall af heildarfjölda og heildartekjum í greininni



Meðaltal og miðgildi tekna eftir starfsemi árið 2017

Fjárhæðir í m.kr.



Tæplega helmingur fyrirtækja skilar tapi

Hlutfall fyrirtækja sem skila tapi hæst á Vesturlandi og á Vestfjörðum um þessar mundir

Frá árinu 2011 hefur hlutfall fyrirtækja í ferðapjónustu sem skilað hafa hagnaði verið 54% að meðaltali. Hlutfallið náði hámarki árið 2016 þegar metfjöldgun ferðamanna átti sér stað. Hlutfallið lækkaði svo úr 59% á árinu 2016 í 54% á árinu 2017 eða um fimm prósentustig.

Áætla má að á árinu 2017 hafi rúmlega 600 fyrirtæki skilað tapi. Eru þá ótalin þau fyrirtæki sem ekki hafa talið fram a.m.k. 10 m.kr. í eignir eða 10 m.kr. í rekstrartekjur einhvern tímann á tímabilinu 2011 til 2017. Að þeim meðtöldum myndi fjöldi fyrirtækja sem skiluðu tapi tvöfaldast hið minnsta.

Hlutfallið lækkaði meira á landsbyggðinni á árinu 2017 (lækkun um níu prósentustig) en á höfuðborgarsvæðinu þar sem að það hélt nokkurn veginn velli (lækkun um tvö

prósentustig). Bendir það til að sviptingar í rekstrarumhverfi greinarinnar hafi meiri áhrif á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.


Hlutfallið hefur að jafnaði verið hæst á Austurlandi (65%) og á Suðurlandi (61%) frá árinu 2011. Hlutfallið hefur svo að jafnaði verið lægst á Norðurlandi vestra (46%) og á Suðurnesjum (45%) þar sem fleiri fyrirtæki skila alla jafna tapi en hagnaði.

Hlutfallið var lægst á Vesturlandi (44%) og á Vestfjörðum (34%) á árinu 2017. Hlutfallið lækkaði einnig mest á þessum landsvæðum á árinu 2017 frá fyrra ári.

− 46% skila tapi 2017


Þróun á hlutfalli fyrirtækja sem skila hagnaði

Eftir landsvæðum



Þróun á hlutfalli fyrirtækja sem skila hagnaði

Eftir landsvæðum



Taprekstur mun algengari hjá litlum aðilum

Svigrúm til hagræðingar og/eða sameiningar fyrirtækja talsvert

Frá árinu 2011 hefur hlutfall stórra fyrirtækja sem skilað hafa hagnaði verið 83% að meðaltali. Hlutfallið hjá meðalstórum fyrirtækjum hefur á sama tímabili verið 80% að meðaltali. Hlutfallið hefur svo verið lægst hjá litlum fyrirtækjum frá árinu 2011 eða 54% að meðaltali.

Hlutfallið lækkaði mest hjá stórum fyrirtækjum á árinu 2017 frá fyrra ári og hefur hlutfallið aldrei verið lægra í flokki stórra fyrirtækja á tímabilinu sem hér er til skoðunar. Svíptingar í rekstrarumhverfi greinarinnar virðast því ná til fyrirtækja óháð stærðar þeirra um þessar mundir.


Hlutfallið hefur að jafnaði verið hæst hjá flugfélögum (61%) og hjá afþreyingarfyrirtækjum (59%) frá árinu 2011. Hlutfallið hefur svo að jafnaði verið lægst hjá ferðaskrifstofum (52%) og hjá bílaleigum (49%) þar sem fleiri bílaleigur skila alla jafna tapi en hagnaði.

Hlutfallið var lægst hjá fyrirtækjum í farþegaflutningum (49%) og í flugrekstri (45%) á árinu 2017. Hlutfallið lækkaði einnig mest í þessum flokkum á árinu 2017 frá fyrra ári.

Fjöldi fyrirtækja í ferðapjónustu sem skila taprekstri er því umtalsverður. Bendir það til þess að innan greinarinnar sé svigrúm til hagræðingar og/eða sameiningar fyrirtækja.


Þróun á hlutfalli fyrirtækja sem skila hagnaði

Eftir stærð



Þróun á hlutfalli fyrirtækja sem skila hagnaði

Eftir starfsemi



Skuldsetning í ferðapjónustu hefur minnkað


Lítill fyrirtæki skuldsettari en þau sem stærri eru

Skuldsetning í ferðapjónustu hefur minnkað á síðastliðnum árum. Á árinu 2017 nam eiginfjárlutfall greinarinnar um 30% sem er 11 prósentustigum hærra hlutfall en á árinu 2011. Hlutfallið hefur nokkurn veginn staðið í stað síðan á árinu 2015.

Skuldsetning minnkar alla jafna eftir því sem stærð fyrirtækja innan greinarinnar eykst. Þannig eru félög með rekstrartekjur umfram 4 ma.kr. með eiginfjárlutfall sem nemur 32% að meðaltali, meðalstór félög eru svo með 30% eiginfjárlutfall að meðaltali og þau sem eru lítil eru með 25% eiginfjárlutfall að meðaltali.


Efnahagsstærðir ferðapjónustufyrirtækja á Íslandi

Fjárhæðir í mð.kr.



Efnahagsstærðir eftir stærð fyrirtækja

Fjárhæðir í mð.kr.




Skuldsetning minnst á Austurlandi og höfuðborgarsvæðinu

... og mest á Norðurlandi vestra þar sem eiginfjárlutfall er neikvætt

Líkt og í greininni almennt hefur skuldsetning minnkað á öllum landsvæðum. Mest hefur skuldsetning minnkað á Suðurlandi, Norðurlandi vestra og á Vesturlandi þar sem eiginfjárlutfallið var í öllum tilfellum neikvætt á árinu 2011. Á áðurgreindum landsvæðum hefur eiginfjárlutfallið hækkað um á bilinu 26 til 37 prósentustig á tímabilinu 2011-2017. Eiginfjárlutfallið var hæst á Austurlandi (39%) og á Suðurnesjum (35%) á árinu 2017 og var því skuldsetning minnst á þeim landsvæðum. Eiginfjárlutfall var svo lægst á

Vestfirðum (11%) og neikvætt á Norðurlandi vestra (-2%) og skuldsetning því mest á þeim landsvæðum. Á Norðurlandi vestra var eiginfjárlutfall jákvætt í fyrsta skiptið árið 2016 á tímabilinu 2011-2016 og því ljóst að íþyngjandi skuldsetning hefur loðað við landsvæðið alla núverandi uppsveiflu.

Eiginfjárlutfall ferðapjónustufyrirtækja á Íslandi eftir landsvæðum árið 2017



Skuldsetning minnst í afþreyingu


... og mest hjá bílaleigum þar sem eiginfjárlutfall er 10%

Skuldsetning hefur minnkað í flestum geirum innan ferðapjónustunnar í núverandi uppsveiflu. Þó hefur hún aukist hjá ferðaskrifstofum, farþegaflutningum og flugfélögum frá árinu 2011.

Mest hefur dregið úr skuldsetningu hjá hótélum og annars konar gistingu þar sem eiginfjárlutfallið var neikvætt um 19% á árinu 2011. Árið 2017 var eiginfjárlutfall hótela og annarrar gistingar 32% og hefur því hækkað um 51 prósentustig frá

árinu 2011. Skuldsetning hótela og annarrar gistingar er því mun heilbrigðari um þessar mundir en áður. Eiginfjárlutfallið var hæst hjá afþreyingarfyrirtækjum (47%) og hjá ferðaskrifstofum (36%) á árinu 2017 og var því skuldsetning minnst í þeirri starfsemi. Eiginfjárlutfall var svo langlægst hjá bílaleigum (10%) og skuldsetning því mest í þeirri starfsemi. Engu að síður hefur skuldsetning hjá bílaleigum þróast með jákvæðum hætti undanfarin ár.

Eiginfjárlutfall ferðapjónustufyrirtækja á Íslandi eftir starfsemi árið 2017



Áfram dregur úr framlegð greinarinnar

Þrjár af hverjum hundrað krónum sitja eftir með teknu tilliti til allra gjalda og fjármagnsliða

EBITDA í íslenskri ferðapjónustu lækkaði í 49 ma.kr. á árinu 2017 úr 65 mö.kr. árið 2016. Lækkunin nemur 16 mö.kr. eða um 25%. Þá lækkaði EBITDA-framlegð greinarinnar úr 17% í 12% eða um rúm fimm prósentustig á árinu 2017 frá fyrra ári. Framlegðin sýnir hversu miklu reksturinn skilar til að standa undir fjármagnsliðum og endurspeglar rekstrarhagkvæmni greinarinnar.


Í EBIT-framlegð er búið að taka tillit til afskrifta og þá lækkar framlegð ferðapjónustunnar í 5% og lækkar sá mælikvarði um

tæp fimm prósentustig á milli ára.

Hagnaðarhlutfall er svo 3% og skila sér því þrjár af hverjum 100 krónum sem ferðapjónustufyrirtæki velta í hagnað fyrirtækjanna þegar búið er að taka tillit til allra gjalda og fjármagnsliða. Hagnaðarhlutfallið lækkaði um tæp fimm prósentustig frá fyrra ári.

Lægra hagnaðarhlutfall skerðir hæfni greinarinnar til að ráðast í fjárfestingar, greiða niður skuldir og greiða arð til eigenda.

Framlegð íslenskrar ferðapjónustu árin 2016 og 2017




Greinin stendur verr undir skuldsetningu

... og arðsemi greinarinnar hefur aldrei verið eins slök frá því að uppgangur hennar hófst árið 2011

Skuldsetning greinarinnar mæld á móti rekstrarhagnaði fyrir afskriftir (EBITDA) þróaðist með jákvæðu móti frá árinu 2011 til ársins 2015 og fór úr 6,6 niður í 3,9 á tímabilinu. Frá 2015 hefur mælikvarðinn farið versnandi og hækkaði hann úr 4,1 í 5,8 á árinu 2017 frá fyrra ári. Engu að síður stendur rekstur ferðapjónustufyrirtækja því betur undir skuldsetningu sinni um þessar mundir en á árinu 2011 og er mælikvarðinn á svipuðum slóðum og á árinu 2012 þegar hann stóð í 5,9.

Arðsemi eigna lækkaði áfram á árinu 2017 eða um fimm prósentustig frá fyrra ári og var 2,7%. Arðsemi eiginfjár lækkaði um 16 prósentustig á árinu 2017 frá fyrra ári og var 9%. Gerðist það þrátt fyrir að eiginfjárlutfall greinarinnar hafi litið sem ekkert breyst á milli ára. Arðsemi greinarinnar er því talsvert lakari á árinu 2017 en á árinu 2016. Raunar hefur arðsemi greinarinnar aldrei verið eins slök frá uppgangi ferðapjónustunnar á árinu 2011.

Arðsemi og skuldsetning ferðapjónustufyrirtækja á Íslandi



Hærrí framlegð hjá stærri fyrirtækjum greinarinnar

... sem ná fram stærðarhagkvæmni og þar með lægri kostnaði sem hlutfall af rekstrartekjum


Þrátt fyrir að framlegð stærri ferðapjónustufyrirtækja sé umtalsvert lakari á árinu 2017 en á árinu 2016 sýna allir framlegðarmælikvarðar betri niðurstöðu hjá stærri fyrirtækjum greinarinnar en hjá þeim litlu. Framlegðin lækkaði mest frá fyrra ári hjá stórum fyrirtækjum á árinu 2017 (níu prósentustig) og næstmest hjá meðalstórum (tvö prósentustig).

Meiri munur er á EBITDA-framlegð og EBIT-framlegð hjá

stærri fyrirtækjum enda alla jafna fjármagnsfrekari rekstur en hjá minni fyrirtækjum og því meira um afskriftir.

Hagnaðarhlutfall stærri fyrirtækja er á bilinu 2,7-4,5 sinnum hærra en lítilla fyrirtækja. Bendir það til þess að fjármögnunarkostnaður sé hærri sem hlutfall af rekstrartekjum hjá litlum fyrirtækjum en hjá þeim sem stærri eru.

Framlegð árið 2017 eftir stærð fyrirtækja



Stærri fyrirtæki standa betur undir skuldsetningu

... enda alla jafna skuldléttari, hagkvæmari og arðsamari en minni fyrirtæki


Arðsemi eigna hefur verið hæst að meðaltali hjá stórum (8%) og meðalstórum fyrirtækjum (6%) frá árinu 2011. Á sama tímabili hefur arðsemi eigna hjá litlum fyrirtækjum verið 4% að meðaltali. Stærri fyrirtækjum hefur þannig tekist með hagkvæmari hætti að búa til verðmæti úr þeirri fjárbindingu sem fólgin er í fyrirtækjunum í formi eigna.

Á árinu 2017 minnkaði hagnaður stórra fyrirtækja um 13 ma.kr. eða 71% og er því arðsemi eigna hjá þeim flokki

umtalsvert lægri um þessar mundir en almennt frá því að núverandi uppsveifla ferðapjónustunnar hófst á árinu 2011.

Rekstur stærri fyrirtækja innan greinarinnar virðist einnig standa betur undir skuldsetningu sinni en rekstur smærri fyrirtækja. Í því samhengi hefur hlutfall heildarskulda á móti EBITDA verið lægst hjá stórum fyrirtækjum (4,2) frá árinu 2011, næstlægst hjá meðalstórum (5,1) og hæst hjá litlum fyrirtækjum (7,0).

Arðsemi og skuldsetning árið 2017 eftir stærð fyrirtækja



Framlegð hæst hjá afþreyingu og bílaleigum

Erfið rekstrarskilyrði í flugrekstri gera vart við sig á árinu 2017

Framlegð lækkar óháð því hvaða starfsemi er skoðuð á árinu 2017 frá fyrra ári. Mesta lækkunin á sér stað hjá flugfélögum og bílaleigum.


EBITDA-framlegð er hæst hjá bílaleigum á meðal ferðapjónustufyrirtækja. Kostnaður við starfsemina er því lægstur sem hlutfall af tekjum hjá bílaleigum. EBITDA-framlegð er svo lægst hjá ferðaskrifstofum eða 4%.

Þegar búið er að taka tillit til afskrifta lækkar framlegð

bílaleiga um 26 prósentustig. Lækkunin helgast af miklum afskriftum bílaleiga af fjármagnsrekum bílafloata. Framlegð að teknu tilliti til afskrifta er hæst hjá afþreyingarfyrirtækjum eða 19% og lægst hjá flugfélögum þar sem að hún var neikvæð á árinu 2017 eða -0,3%.

Þegar búið er að taka tillit til fjármagnsliða og annars óreglulegs kostnaðar er framlegð aftur hæst hjá afþreyingu og lægst hjá flugfélögum.

Framlegð árið 2017 eftir starfsemi fyrirtækja



Afþreyingarfyrirtæki standa best undir skuldum

... og ferðskrifstofur og flugfélög verst


Arðsemi eigna er hæst hjá afþreyingu en lægst hjá flugfélögum. Arðsemi eigna lækkar á árinu 2017 frá fyrra ári í öllum geirum ferðapjónustunnar, mest hjá flugfélögum (11 prósentustig) og bílaleigum (5 prósentustig) og minnst í gistingu og afþreyingu þar sem arðsemin lækkaði örlítið.

Há framlegð afþreyingarfyrirtækja leiðir til þess að arðsemi eiginfjár er langhæst þar þrátt fyrir að eiginfjárlutfall sé hæst í slíkri starfsemi innan ferðapjónustunnar. Arðsemi eiginfjár

lækkar einnig í öllum geirum en þó langmest hjá bílaleigum (45 prósentustig) og flugfélögum (35 prósentustig).

Rekstur afþreyingarfyrirtækja og bílaleiga stendur best undir skuldsetningu sinni á meðan rekstur ferðaskrifstofa og flugfélaga stendur síður vel undir skuldsetningu sinni. Hlutfall skulda á móti EBITDA hækkar mest á árinu 2017 frá fyrra ári hjá flugfélögum (6 prósentustig) og næstmest hjá ferðaskrifstofum (2,4 prósentustig).

Arðsemi og skuldsetning árið 2017 eftir starfsemi fyrirtækja



Framlegð hæst á Suðurnesjum og Suðurlandi

... en lækkar á öllum landsvæðum og er áfram lægst á norðvesturhorni landsins

Framlegð lækkar hjá öllum fyrirtækjum óháð staðsetningu á árinu 2017 frá fyrra ári. Mesta lækkunin á sér stað á Vesturlandi og á Vestfjörðum.

EBITDA-framlegð er hæst á Suðurnesjum. Kostnaður við starfsemina er því lægstur sem hlutfall af tekjum hjá þeim fyrirtækjum sem eru með skráð aðsetur þar. EBITDA-framlegð er svo lægst á Vestfjörðum eða 5%.


Þegar búið er að taka tillit til afskrifta lækkar framlegð mest á Norðurlandi eystra enda rekstur bílaleiga veigamikill þar og

fylgja fjármagnsfrekum bílafloata miklar afskriftir.

Framlegð að teknu tilliti til afskrifta er hæst á Suðurnesjum (26%), enda afþreyingarfyrirtæki með háa framlegð veigamikil á því svæði, og lægst á Vestfjörðum þar sem að hún var neikvæð á árinu 2017 eða -0,4%.

Þegar búið er að taka tillit til fjármagnsliða og annars óreglulegs kostnaðar er framlegð aftur hæst á Suðurnesjum og lægst á Vestfjörðum.

Framlegð árið 2017 eftir landsvæðum



Rekstur á Suðurnesjum stendur best undir skuldum

... en verst á Vesturlandi og á Vestfjörðum


Arðsemi eigna er hæst á Suðurnesjum og Suðurlandi en lægst á Vestfjörðum. Arðsemi eigna lækkar á árinu 2017 frá fyrra ári á öllum landsvæðum, mest á Vesturlandi (níu prósentustig) og höfuðborgarsvæðinu (sex prósentustig) og minnst á Suðurlandi og á Suðurnesjum (0,6 prósentustig).

Há framlegð á Suðurnesjum og Suðurlandi leiðir til þess að arðsemi eiginfjár er hæst þar þrátt fyrir að eiginfjárlutfall sé hærra þar en almennt í greininni. Arðsemi eiginfjár lækkar einnig á öllum svæðum en þó mest á Norðurlandi vestra, þar

sem að eigið fé var neikvætt á árinu 2017, og á Vesturlandi. Eiginfjárlutfall er svo lægst á Norðurlandi vestra og á Vestfjörðum þar sem það er neikvætt í báðum tilfellum.

Rekstur stendur best undir skuldsetningu sinni á Suðurnesjum og Austurlandi en síður á norðvesturhluta landsins. Hlutfall skulda á móti EBITDA hækkar einnig mest á árinu 2017 á norðvesturhluta landsins og á höfuðborgarsvæðinu en þar eru niðurstöðurnar lítaðar af lakari niðurstöðum í flugrekstri á milli ára.

Arðsemi og skuldsetning árið 2017 eftir landsvæðum



Umsjón

Greining og fræðsla

greining@islandsbanki.is

Bergþóra Baldursdóttir 440 4637

Elvar Orri Hreinsson 440 4747

Jón Bjarki Bentsson 440 4634

Björn Berg Gunnarsson 440-4869

Frekari upplýsingar má finna á www.islandsbanki.is/ferdathjonusta
ferdathjonusta@islandsbanki.is

Útgáfudagur: 2. maí 2019